

193

21. des.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 128 19. okt. 1954, um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli.

3. gr. orðist svo:

Vegabréf skulu vera prentuð og auðkennd með orðinu: Keflavíkurflugvöllur, með mynd og eiginhandarundirskrift vegabréfshafa. Þau skulu tölusett og tilfærður gildistími, nafn vegabréfshafa, fæðingardagur og ár, lögheimili, dvalarstaður, starf og nafn atvinnuveitanda.

Vegabréf þessi skulu útgefin í tveim liðum, blá og bleik. Skulu þeir vegabréfs-hafar, sem lögheimili eiga innan varnarsvæðis bera bleik vegabréf, en þeir, sem lögheimili eiga utan þess, blá vegabréf.

Vegabréf þessi skulu vera í innsigliðu plasthylki.

Gjald fyrir myndatöku skal vegabréfshafi greiða kr. 20.00.

4. gr. orðist svo:

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem lögreglumenn krefjast.

5. gr. orðist svo:

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út.

Spjaldskráin skal geyma upplýsingar um öll þau atriði, sem tilgreind eru í vegabréfi, sbr. 3. gr., svo og hverjar þær upplýsingar, sem lögreglustjórinn telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli til þess að fá vegabréfið afhent. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins og samning gjaldskrárinnar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 10 15. maí 1942, um notkun vegabréfa innanlands, öðlast gildi 1. janúar 1960, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Utánrikisráðuneytið, 21. desember 1959.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Tómas Árnason.

194

23. des.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 67/1959 og innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, lesta-gjald og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.

c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60 194 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, 23. des. öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1959.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

195

23. des.

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1959 um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1960 skul fella niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1959.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

196

23. des.

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1960.

Ákveðið hefur verið að nota heimild í 1. gr. laga nr. 67 15. desember 1959 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1960. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. desember 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

197

29. des.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1959:

Grund, nýbýli í landi Þorpa í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

Birtingaholt IV, í landi Birtingaholts I í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Rípur II, nýbýli í landi Ríps í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Rípur III, nýbýli í lands Ríps í Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Tungufell, nýbýli í landi Kambs og Stafns í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Mávavatn, nýbýli í landnámi ríkisins að Reykhólum, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Sólberg, nýbýli í landi Geldingsár í Svalbarðsstrandarhreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Stóratunga II, nýbýli í landi Stórutungu í Bárðdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Rauðanes II, nýbýli í landi Rauðaness í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Valbjarnarvellir II, nýbýli í landi Valbjarnarvalla í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Kjörvogur II, nýbýli í landi Kjörvogs í Árneshreppi, Strandasýslu.

Eysta-Seljaland, nýbýli í landi Seljalands í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Engihlíð, nýbýli í landi Svinabakka í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Vaðbrekka II, nýbýli í landi Vaðbrekku í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Háafell, nýbýli í landi Torfastaða í Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

Hnefilsdalur II, nýbýli í landi Hnefilsdals í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Nýpugarðar, nýbýli í landi Borgar í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

Ytri-Þóreyjarnúpur, nýbýli í landi Þóreyjarnúps í Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Syðribrekka, nýbýli í landi Brekku í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Kornsá II, nýbýli í landi Kornsár í Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

Höllustaðir II, nýbýli í landi Höllustaða í Svinavatnshreppi, Húnavatnssýslu.

Móar, nýbýli í landi Ása í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

Kotlaugar, nýbýli í landi Skipholts II, Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Efstaland, nýbýli í landnámi ríkisins í byggðahverfi undir Ingólfsfjalli, Ölfushreppi, Árnassýslu.

Útwík, nýbýli í landi Víkur í Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Háteigur, nýbýli í landi Hrappsstaða í Vopnafirði, Norður-Múlasýslu.

Grænamýri, nýtt nafn á býlinu Hjaltastaðakot í Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Kirkjubæjarklaustur II, nýbýli í landi Kirkjubæjarklausturs í Kirkjubæjarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu.

Brúnahlíð, nýbýli í landi Klambarsels, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Vogar IV, nýbýli í landi Voga II í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Syðri-Sandhólar, nýbýli í landi Sandhóla, Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Akurgerði, nýbýli í landnámi ríkisins í Ölfushreppi, Árnassýslu.

Litlimelur, nýbýli í landi Stóra-Lambhaga, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Árvangur, nýbýli í landi Æsustaða í Mosfellshreppi, Kjósarsýslu.

Mörk, nýbýli í landi Ingveldarstaða, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.

Sólbakki, nýbýli í landi Búðar í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Hemla II, nýbýli í landi Hemlu í Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.

Álfheimar, nýbýli í landi Stóraskógar, Miðdalahreppi, Dalasýslu.

Brú, síma- og pósthöð í Hrutafirði, Strandasýslu.